

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 212/2016

2018/EES/22/06

frá 28. október 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/844 frá 27. maí 2016 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjútíð. ESB L 193, 19.7.2016, bls. 117.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 L 0844:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/844 frá 27. maí 2016 (Stjútíð. ESB L 141, 28.5.2016, bls. 51), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 193, 19.7.2016, bls. 117.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2016/844, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 193, 19.7.2016, bls. 117, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 141, 28.5.2016, bls. 51.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.